

## FUNDARGERÐ

Fundur nr. 27 í stjórn Herjólfur ohf., haldinn föstud. 20. september 2019 kl.11:30 í fundarsal Hótel Vestmannaeyja.

Mættir eru: Arnar Pétursson, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Páll Þór Guðmundsson, Aníta Jóhannsdóttir. Agnes Einarsdóttir og Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri tóku fundinn í gegnum síma.

Birna Vídó Þórsdóttir og Guðlaugur Friðþórsson boðuðu forföll.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Byrjað var á að samþykkja og undirrita síðustu fundargerð.

Á dagskrá fundarins voru sex dagskrárliðir:

### 1. **Slíptaka Herjólfur.**

Framkvæmdastjóri fer yfir slíptökuna og helstu verkefni þar.

Framkvæmdastjóri þökkur góð yfirferð helstu verkefna í slíptökunni og stöðu á öðrum verkefnum tengdum nýsmíðinni og samskiptum við Vegagerðina. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni vegna slíptökunnar á að fara í þau verkefni sem eru ábyrgðarmál og er framkvæmdastjóri falið að fylgja eftir þeim málum og þeim kröfum sem Herjólfur ohf. hefur gert. *Niðurstaða: samþykkt Samhljóma.*

### 2. **Björgunaræfing**

Framkvæmdastjóri fór yfir björgunaræfinguna sem framkvæmd var mánudaginn 16. september sl. í Hafnarfirði. Neyðaráætlun skipsins var tekin út sem og björgunarbúnaður. Æfingin fór vel fram og gekk allt vel.

### 3. **Framkvæmdir við Þorlákshöfn.**

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna í Þorlákshöfn. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni verður öllum framkvæmdum við höfnina í Þorlákshöfn, ekjubrúna og landganginn lokið þegar Herjólfur IV kemur úr slipp.

Stjórnin ítrekar að þessar framkvæmdir þurfa að klárast svo hægt sé að nota höfnina fyrir Herjólfur IV og treystir því að þessa áætlanir standist. Framkvæmdarstjóri falið að fylgja því fast eftir. *Niðurstaða: samþykkt Samhljóma.*

Agnes Einarsdóttir yfirgefur fundinn.

4. **Starfsreglur stjórnar.**

Drög lög fram og hafa stjórnarmenn tíma til að koma með athugasemdir fyrir næsta fund.

5. **Markaðsmál – heimasíða**

Opin umræða um markaðsmál Herjólfis, áframhaldandi umræða á næsta fundi.

6. **Önnur mál**

Sett var fram fundarplan með fyrirvara um breytingar út árið 2019. Stjórnin mun funda að öllu óbreyttu á þriggja vikna fresti eða oftari ef þurfa þykir.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl.13:00.

Fundargerð ritaði Aníta Jóhannsdóttir